

Skipulagsstofnun
Sigurður Ábjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 25. júní 2018
UST201806-170/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Aðflugsbúnaður – Akureyrarflugvöllur. Umsögn

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags, 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða tvær landfyllingar samtals rúmlega 21.000 m² sem staðsettar verða annars vegar norðvestan við flugbrautina og hins vegar suðaustan flugbrautar. Efnispörf er áætluð um 40.000 m³. Stærri landfyllingin er á milli flugbrautar og Drottningabrautar, en á þessu svæði hefur verið fyllt talsvert upp og er þar líklega lítið eftir að upprunalegu votlendi.

Syðra framkvæmdasvæði er ekki nema 1.200 m² að stærð, en þar sem komið inn á svæði nr. 510 á náttúruinjakrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: *Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.*


Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að plan á þessu svæði verði eins lítið og kostur er og reynt verði að nýta aðkomuleiðir að svæðinu sem þegar eru fyrir hendi.

Hér er um fremur litla framkvæmd að ræða og varanleg áhrif því líklega einungis bundið við framkvæmdasvæðið.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að sífellt er verið að ganga á þau svæði við Eyjafjarðará sem talið er hafi verndargildi. Leggja ætti áherslu á að haga framkvæmdum þannig á þessu svæði að rask verði sem minnst og reynt verði að endurheimta gróðurlendi og votlendi eins og kostur er.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri